



Reykjavík, 22. janúar 2019

Sæll Dagur.

Þúsund þakkir fyrir að senda mér bréf með hugmyndum þínum um strætó, sund og íþróttir.

Það er hárrétt hjá þér að við þurfum öll að nota strætó meira og svo er líka rétt hjá þér að sund og hreyfing er mjög mikilvæg fyrir börn og líka fyrir fullorðna.

Við reynum eins og hægt er að halda verðinu í sundlaugunum í lágmarki. Börn að 6 ára aldri borga ekkert og börn að 18 ára borga 160 kr. Í sundlaugunum er líka hægt að kaupa kort þar sem maður borgar fyrir nokkrar ferðir í einu, eða jafnvel árskort. Þá kostar hver sundferð miklu minna.

Svo ætla ég að koma tillögunni þinni um að það verði frítt í strætó fyrir börn til fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Strætó.

Gangi þér vel í öllu sem þú tekur þér fyrir hendur!

Kær kveðja,

Dagur B. Eggertsson